

Sp.

748. Breytingartillaga

við tillögu á þskj. 714 (atkvgr. um áfengislöggjöfina).

Frá Ingvari Pálmasyni, Jóni Jónssyni.

Tillgr. orðist þannig:

Alþingi ályktar að skora á ráðuneytið að láta fram fara á árinu 1933 atkvæðagreiðslu almennra alþingiskjösenda um eftirfarandi spurningar:

1. Vill kjósandinn algert aðflutningsbann á áfengi, hverju nafni sem nefnist?
2. Vill kjósandinn una við núgildandi áfengislöggjöf með þeim umbótum, sem hægt væri að gera á henni án þess að afnema Spánarsamninginn?
3. Vill kjósandinn, að leyfður verði innflutningur á sterkum drykkjum, svo sem brennivíni, whisky, koniaki, rommi og öðrum þesskonar drykkjum?